

LÖG
um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019
(rekstraröryggi greiðslumiðlunar).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

17. gr. laganna fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Útgáfa seðla og myntar.*

2. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Rekstraröryggi greiðslumiðlunar.

Seðlabankanum er heimilt í þágu aukins viðnámspróttar, öryggis og virkni greiðslumiðlunar og að fengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar að setja reglur um rekstraröryggi greiðslumiðlunar. Reglurnar geta tekið til innviða rafrænnar smágreiðslumiðlunar, innviða greiðslumiðlunar við útlönd og seðla og myntar. Í reglunum er heimilt að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir eins og fyrirkomulag innviða greiðslumiðlunar, netöryggi, tilhögun greiðslufyrirmæla, sannvottun, ábyrgð og uppgjör greiðslna, aðgang að slíkum innviðum og skyldu lánastofnana hér á landi til þátttöku.

3. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Greiðslumiðlun.**

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. másl. 1. mgr. 44. gr. laganna:

- Í stað orðanna „lánastofnanir og verðbréfasjóði“ kemur: lögaðila.
- Í stað orðanna „lán tengd erlendum gjaldmiðlum“ kemur: rekstraröryggi greiðslumiðlunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. júlí 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.